



## Fundur í Velferðarnefnd

### 1. fundur nýrrar velferðarnefndar haldin í Menntasetrinu á Þórshöfn miðvikudaginn 14. september 2016

**Mætt voru:** Jón Gunnþórsson, Sigríður Harpa Jóhannesdóttir, Sólveig Sveinbjörnsdóttir og Halldóra Friðbergsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

#### 1. Kosning varaformans

Nefndin leggur til að Halldóra Friðbergsdóttir verði varaformaður Samþykkt samhljóða.

#### 2. Hlutverk nefndarinnar

Nýtt erindisbréf fyrir nefndina lagt fram til kynningar - nýtt hlutverk nefndarinnar verður rætt betur á næsta fundi.

#### 3. Fundartímar nefndar og boðun þeirra.

Ákveðið að funda 1. miðvikudag í mánuði kl 15:00. Næsti fundur verður þá 5. október.

#### 4. Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun lesin yfir. Velferðarnefnd hvetur sveitarstjóra og skrifstofustjóra til að skoða vel jafnréttisáætlunina og vinna í þeim þáttum sem þeir bera ábyrgð á. Einnig telur nefndin mikilvægt að áætlunin verði kynnt innan allra deilda sveitarfélagsins. Einnig kynnt þeim félögum sem þiggja styrki frá Langanesbyggð svo sem U.M.F.L., Björgunarsveitin Hafliða.

Svo nefndin geti uppfyllt ábyrgð sína þarf nefndin að hafa yfir einhverjum fjármunum að ráða. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að þetta verði haft í huga í gerð næstu fjárhagsáætlunar.

#### 5. Forvarnaráætlun

Nýjir nefndarmenn þurfa að fá að lesa forvarnarstefnu Langanesbyggðar betur yfir - Lagt fram til kynningar og verður tekið fyrir á næsta fundi.

#### 6. Önnur mál

a) *Fundargerð 3. fundar velferðarnefndar dags. 18. nóvember 2015.*

Velferðarnefnd bendir á að fundargerð 3. fundar velferðarnefndar frá 18. nóvember 2015 hefur aldrei farið fyrir sveitarstjórn - leggjum við til að svo verði og þau mál sem þar eru verði tekin til umræðu í sveitarstjórn.



## LANGANESBYGGÐ

*b) . Fulltrúi félagsþjónustunnar.*

Rætt um að nefndin fái fulltrúa félagsþjónustunnar á sinn fund og farið verði yfir þá þjónustu sem eldri borgara eiga rétt á.

*c) Tómskundafulltrúi*

Rætt um ráðningu tómskundafulltrúa (umsjónarmann fyrir félagsmiðstöðina Svartholið). Nefndin leggur til að hugað sé að þessu sem fyrst.

*d) Ungmennafélag Langnesinga*

Rætt um U.M.F.L og nefndarmenn ákveða að kynnar sér betur starfssemi þess.

*e) Fulltrúi Svalbarðshrepps*

Fundarmenn söknuðu fulltrúa frá Svalbarðshrepp og hvetja sveitarstjórn til að ganga frá því máli.

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið kl.16:40

